

Menntamálastofnun, kt. 570815-0320 og Hvalfjarðarsveit, kt. 6306061950, gera með sér

SAMSTARFSSAMNING

um verkefnið **Snemmbær stuðningur með áherslu á málþroska og læsi** þar sem markmiðin eru:



Að hámarka árangur allra barna hvað varðar málþroska og grunnþætti læsis og fyrirbyggja eða draga þannig úr áhrifum lestrarörðugleika.



Aukin þekking og hæfni alls starfsfólks leikskólanna með það fyrir augum að öll börn fái íhlutun og áskoranir við hæfi í leik og starfi.

Hlutverk Menntamálastofnunar:

- ✓ Veitir sveitarfélaginu stuðning og ráðgjöf við að ná markmiðum sínum.
- ✓ Aðstoðar leikskólastarfsmenn við að flétta málörvun og vinnu með grunnþætti læsis inn í allt daglegt starf leikskólans.
- ✓ Aðstoðar leikskólastarfsmenn við að rýna til gagns í eigin störf.
- ✓ Rekur virka upplýsingagátt þar sem fræðsluefni og verkfæri verkefnis eru gerð aðgengileg starfsfólki í leikskólum.

Hlutverk Hvalfjarðarsveitar:

- ✓ Sveitarstjórn tryggir að lykilstarfsmenn fái svigrúm til að sinna verkefninu á meðan því stendur.
- ✓ Fræðslustjóri/yfirmaður skólasviðs heldur utan um verkefni fyrir hönd sveitarfélags og tryggir framgang þess í heimabyggð.
- ✓ Lykilstarfsmenn hvers leikskóla útbúa handbók með skýrum verkferlum sem tryggja öllum nemendum gæðamálörvun.
- ✓ Leikskólastjórar eru ábyrgir fyrir að starfað sé eftir handbók.
- ✓ Lykilstarfsmenn hvers leikskóla flokka námsefni/málörvunarefni eftir málþáttum og gera aðgengilegt og sýnilegt öllum starfsmönnum leikskólans.
- ✓ Allir leikskólastarfsmenn taka virkan þátt í ráðgjöf sem veitt er og starfa eftir verkferlum settum í handbók.
- ✓ Leikskólastjórar í samvinnu við lykilmenn síns skóla eru ábyrgir fyrir upplýsingagjöf til foreldra nemenda sinna varðandi verkefnið.

Gildistími

Samningur þessi gildir frá 22.4.2022 til 31.1.2023.

f.h. Menntamálastofnunar

f.h. Hvalfjarðarsveitar

Katrín Ósk Þráinsdóttir, læsisfræðingur

Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri

